


Alþingi  
Ágúst Geir Ágústsson  
nefndarritari  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18.03.2002  
Tilv. 40.11  
JMG/ei

**Efni: Álitsbeiðni um tillögu til þingsályktunar um samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, mál nr. 55.**

Leitað hefur verið álits Landspítala - háskólasjúkrahúss á ofangreindri þingsályktunartillögu, sbr. bréf nefndarritara, dags. 12.02.2002. Leitað hefur verið álits bæði hjúkrunarráðs og læknaáæðs LSH og fylgja álitsgerðir þessara ráða hér með. Mælt er með samþykki tillögunnar.

Virðingarfyllst,



Magnús Pétursson  
forstjóri

Afrit:  
Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarforstjóri  
Jóhannes M. Gunnarsson, lækningaforstjóri



15 MARS 2002

MÓTTEKIÐ

Hr. lækningaforstjóri  
Jóhannes M. Gunnarsson  
Eiríksstöðum  
Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2002  
SB/bó

**Efni: Álitsbeiðni um tillögu til þingsályktunar um samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, mál nr. 55.**

Stjórn læknaáðs hefur fjallað um ofangreinda þingsályktunartillögu að beiðni lækningaforstjóra og hjúkrunarforstjóra LSH f.h. framkvæmdastjórnar LSH.

Beðist er velvirðingar á því að álit stjórnar læknaáðs er ekki sent fyrir en því veldur m.a. fjarvera formanns sem tók að sér að skrifa svarið.


Þingsályktunartillagan er svohljóðandi: Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að kanna gildi þess fyrir framgang heilbrigðisáætlunar og jafnframt hagkvæmni þess að koma á auknu samstarfi heilsugæslu við aðrar fagstéttir svo sem gert er ráð fyrir í lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar.

Í greinargerð kemur fram að í 19.gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 er kveðið á um starfsemi heilsugæslustöðvaen þar segir m.a.:

19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á (leturbreyting undirritaðs) og hér segir: og fylgir síðan upptalning þjónustu í 21 lið.

Af lokinni vandlegri athugun þá sér stjórn læknaáðs ekki ástæðu til þess að gera neina sérstaka athugasemd við þessa þingsályktunartillögu enda byggir hún á athugun á þáttum í samræmi við lög. Hins vegar verður að ganga út frá því sem eðlilegt er verði þingsályktunartillaga þessi samþykkt að heilbrigðisráðherra feli gildiskönnunina aðilum sem til hafa að bera í senn faglega og rekstrarlega þekkingu í heilbrigðisþjónustu.

Virðingarfyllst,

  
Sverrir Bergmann formaður stjórnar  
læknaáðs LSH

**AFRIT**

Samrit:  
Hjúkrunarforstjóri  
Anna Stefánsdóttir  
Eiríksstöðum

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa læknaáðs • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 560 2050 • fax: 560 1957 • netfang:

laknarad@landspitali.is

Lækningaforstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss  
Jóhannes M. Gunnarsson  
Eiríksgötu 5

Reykjavík, 28.02.2002

**Efni: Álitsbeiðni um tillögu til þingsályktunar um samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, mál nr. 55.**


Stjórn hjúkrunarráðs hefur samkvæmt beiðni framkvæmdastjórnar LSH fjallað um ofangreinda tillögu og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Hjúkrunarráð fagnar hverri þeirri tillögu sem stuðlar að því að heilsugæslan geti orðið skilvirkari og þjónað skjólstæðingum sínum betur. Hagsmunum íbúa hlýtur jafnan að vera best borgið eigi þeir þess kost að sækja sem allra mest af heilbrigðisþjónustu í sinni heimabyggð/hverfi. Það ætti líka að létta álagið á stóru sjúkrahúsunum, en daglega leita þangað sjúklingar sem ekki telja sig fá þjónustu sinnar heilsugæslu.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að henni sé ætlað að stuðla að auknu og bættu þjónustustigi innan heilsugæslunnar með því m.a. að auka samstarf milli fagstétta, sem myndi létta álag á heilsugæslulæknum. Heilsugæslan gæti þannig frekar mætt þeim kröfum sem til hennar eru gerðar.

Stjórn hjúkrunarráðs þykir því eðlilegt að mælt verði með auknu samstarfi fagstétta í heilsugæslu svo sem gert er ráð fyrir í lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar.

Með þökk fyrir samráðið  
f.h. hjúkrunarráðs,

  
Steinunn Ingvarsdóttir  
formaður hjúkrunarráðs LSH

Samrit:  
Hjúkrunarforstjóri LSH,  
Anna Sefánsdóttir

**AFRIT**